

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar.

Skýrsla forseta, starfsárið 2004-2005.

(Flutt á klúbbfundi 7. júlí 2004.)

Inngangur.

Kæru rótarýfélagar!

58 starfsár Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar er nú senn á enda. Ég þakka félögum, en þó einkanlega samstarfsmönnum mínum í stjórn klúbbsins fyrir gott samstarf á árinu. Óneytanlega var það áfall fyrir okkur er ritari klúbbsins og kjörinn verðandi forseti féll frá svo skyndilega. En aðdúunarvert var hversu félagi okkar Björn Ólafsson háði hetjulega baráttu í sínum erfiðu veikindum.

Klúbbstarfið.

“*Stjórnarfundir*”. Sextán formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, auk þess sem sími og tölvupóstur var mikið notaður sem auðveldaði vinnuna og sparaði oft að kalla þyrfti saman stjórnarfund af litlu tilefni. Á árinu var útbúið nýtt, sérlega skemmtilegt kort fyrir gesti okkar sem að frumkvæði B.Ó., var hannað af Guðna Gísla. Þá var tekin í notkun ný bók fyrir ritara og ný gestabók fyrir féлага verður tekin í notkun á næsta fundi. Viðfangsefni sem mest voru til umfjöllunar hjá okkur voru:

“*Sérlög klúbbsins*”. Það var góður árangur að ná að koma í gegn breytingum á sérlögum klúbbsins. Undirbúningur að því starfi hefur verið á dagskrá nokkura undagenginna stjórna. Að þessi árangur náðist er fyrst og fremst að þakka lagabreytinganefnd, sem skóp þann árangur sem til þyrfti. Í því sambandi vil ég sérstaklega þakka þeim er þá nefnd skipuðu, þeim Almari Grímssyni, Sigurþór Aðalsteinssyni og Skúla Valtýrsson. En klúbbþing og fjórir fundir fóru í umræður um breytingu á “Sérlögum Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar”, sem samþykkt voru á fundi 27. janúar s.l..

“*Aldarafmæli Rótary*” Ég tel að Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar hafi staðið mindarlega að því að minnst þessara tímamóta, bæði með framlögum til góðra mála hér heima og erlendis. Ástæða þess að svo mindarlega var hægt að minnst þessara tímamóta eru vönduð og markviss störf féлага okkar við undirbúning og framkvæmd Umdæmisþingsins, sem haldið var hér í Hafnarfirði á síðasta ári.

Styrkveitingar vegna Aldarafmælisins voru eftirfarandi:

1. Til forvarnarstarfs vegna hópamyndunar unglinga í miðbæ Hafnarfjarðar	Kr. 300.000
2. Til uppbyggingar aðstöðu fyrir heilabílaða og alnæmissjúkra í Hsfnsrf.	Kr. 100.000
3. Til Reykdalsfélagsins v/ aldarafmælis rafvæðingar í Hafnarfirði	Kr. 100.000
4. Til Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar	Kr. 50.000
5. Til Rótary Foundation	Kr. 150.000
6. Til samstarfsverkefnis með Rótaryklúbbi Kimberly í S- Afríku	Kr. 150.000
Samtals	<u>Kr. 850.000</u>

Öll framlög hafa verið greidd, nema samstarfsverkefnið við Rotaryklubb Kimberly í S- Afríku. Á bók í Sparisjóði Hafnarfjarðar eru kr. 132.565, sem ætlaðar eru til þessa verkefnis og áætlað að kr. 17.435 komi úr félagssjóði á næsta starfsári. Eins mun vera óuppert framlag frá Rótaryumdæminu vegna Umdæmisþingsins 2004.

En hvaðan komu peningar til þessa verkefnis:

Framlag frá Umdæmisþingsnefnd 2004	Kr. 782.565
Framlag frá Framkvæmdasjóði	“ 50.000
Væntanlegt framlag félagssjóðs á næsta starfsári	“ 17.435
Samtals	<u>Kr. 850.000</u>

Rótarysjóðurinn. Í markmiðum okkar voru áformuð framlög til Rótarysjóðsins 3.000 US \$. Niðurstaðan er að við höfum greitt 5.232 US \$ til sjóðsins. Eins og fram kemur í skýrslu gjaldkera er góður hluti þessara framlaga kominn úr “Grísinn góði”.

“Heimsóknir erlendra gesta”. Við vorum þeirrar ánægju aðnjótandi að við fengum heimsóknir rótaryfélaga bæði frá Danmörku og Noregi. Ég held að gestir okkar hafi verið nokkuð ánægðir með þessar heimsóknir, en þeir voru einnig mjög heppnir með veðrið.

“Ferðin til Brussel”. Ferð okkar til Brussel í haust var sérlega vel lukkuð. Það má meðal annars ráða af því að met aðsókn er í áformaða ferð okkar til Kaupmannahafna á komandi hausti. Svona ferðir styrkja félagsandann og skapa það góða andrúmsloft sem er í klúbbnum. Því miður misti ég af **“vitaferðinni”**, sem farin var í maí. En mér skilst að sú ferð hafi einnig verið mjög ánægjuleg og vel heppnuð.

Klúbbfundir.

Þetta er 49 formlegi fundir starfsársins, sem er nokkuð mikið. Auk þess sem felldir voru niður fundir 30. september, en þá voru 30 félagar og makar í ferð til Brussel. Einnig var felldur niður fundur 23. des. Þorláksmessu. Tvisvar var haldið klubbþing, annarsvegar um breytingu á sérlögum klúbbsins, auk þess sem fjórir aðrir fundir voru teknir undir þá vinnu. Á hinu klubbþinginu voru rædd málefni klúbbsins þar sem meðal annars var kóringur verðandi forseti í stað B:Ó. En þar hlaut kostningu Guðni Gíslason..

Ekki var skortur á góðu fundarefni og vil ég sérstaklega þakka félögum fyrir hversu vel var staðið að þeirri vinnu. Als voru 29 fyrirlestrar hjá okkur á árinu. Nokkur fundarefni voru hefðbundin, eins og stjórnaarskipti, heimsókn umdæmisstjóra, tilnefningar til stjórnar og kosning stjórnar. Einnig jólafundur, afkomendafundur og þorablót, svo og verðlaun til framúrskarandi nemenda í skólum bæjarins.

“Starfsgreinaerindi”. 4 félagar fluttu sín starfsgreinaerindi og gáfu okkur þannig innsýn í þau störf sem þeir eru að fást við. Þessi starfsgreinaerindi fluttu: Sigurjón Pétursson, Gunnar Hjaltalín, Haraldur Stefánsson og Trausti Sveinbjörnsson. Allt voru þetta frábær og vel flutt erindi sem mjög áhugavert var að hlýða á.

“Viðurkenningar”. Á Jólafundinum var fyrverandi umdæmisstjóra Bjarna Þórðarsyni veitt viðurkenning, “Safir” með tveim steinum, fyrir störf sín í þágu íslensku Rótary hreyfingarinnar. Einnig var þremur fyrverandi forsetum veittar “Paul Harrys” viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu klúbbsins. En þessar viðurkenningar hlutu: Bjarnar Ingimarsson, Sigurbór Aðalsteinsson og Skúli Valtýrsson.

“Fimm sinnum voru fundir annarstaðar en hér á Gafl-Inn”.:

En það voru:

1. Í Normanslaged í Heiðmörk, þar sem rætt var um Heiðmörkina og þá ræktum sem þar fer fram.
2. Jólafundur í Turninum Miðbæ.
3. Þorablót í Veitingahúsinu Hraunholti, þar sem við höfðum góða gesti frá Danmörku.
4. Fræðandi og skemmtilegann fund sem haldinn var hjá ALCAN á Íslandi, þar sem upplýst var um starfsemi félagsins í Straumsvík. Á þeim fundi var félögum boðið í mat hjá ALCAN, en félagar sem mætu á fundinn greiddu andvirði matarins í “Grísinn Góða”.
5. Fundur sem haldinn var í Turninum Miðbæ með norskum rótaryfélögum.

Fundarsókn.

Mætingar klúbbfélaga á fundi hefur í heildina tekið verið þokkalega góð. Meðaltalsmæting oft verið með því besta sem gerist hjá umdæminu. Þrátt fyrir það er hópur félaga er með lélega mætingu og tekur takmarkaðan þátt í starfsemi klúbbsins, sem er miður. Við þurfum að vera virk í félagsstarfinu til að njóta þess sem í boði er. Þá er það einnig áhugavert að mæta á fundi í öðrum klúbbum, jafnt innanlands sem utan, og þannig öðlast vitneskju um hvernig aðrir klúbbar starfa.

Breyting á félagaskrá.

Á árinu bættust tveir nýir félagar í hópinn, en það eru þær Jónína Sigurðardóttir og Þórdís Bjarnadóttir. Af félagaskrá fóru 5 félagar. B.Ó. lést. Anna Birna Almarsdóttir og Þórður Magnússon hættu, þar sem þau áttu vegna starfa sinna, ervitt með að sækja fundi. Í framhaldi af nýendurskoðuðum “Sérlögum” klúbbsins var félögum okkar, sem vegna starfa erlendis og hafa ekki, um nokkur ár getað tekið þátt í starfsemi klúbbsins. Var þeim gefinn kostur á að verða teknir af félagaskrá, meðan óbreyttar aðstæður vara, en þeim boðið að um leið og aðstæður breyttust og þeir gætu farið að taka þát í starfseminni, séu þeir velkomnir aftur til starfa hjá okkur. Þessa félaga má skoða sem styrktarfélag, þar sem þeir hafa greitt hér öll sín gjöld til klúbbsins án þess að geta notið þess góða félagsanda sem hér er. Fyrir það færum við þeim okkar bestu þakki. Þessir félagar eru: Bjarni Hjaltason og Jón S. Friðjónsson. Þeim er nú hverfa af félagaskrá þökkum við ánægjulegt og gott samstarf og óskum þeim allra heilla.

Tveir félagar, þeir Kristján Arason og J. Pálmi Hinriksson hafa óskað eftir sérstakri undanþágu til mætinga vegna tímabundinna starfa sinna, og hefur stjórnin orðið við ósk þeirra.

Við þessar breytingar á félagaskrá fækkar félögum um 3 og eru félagar í lok starfsársins 7 konur og 67 karlar, þar af 1 heiðursfélagi, Pétur Þorbjörnsson.

Nefndastörf.

Lagabreytinganefnd, fékk það verkefni að endurskoða sérlög klúbbsins. Þessi nefnd stóð sig frábærlega vel. Við erum þakklát fyrir að það tókst að koma í gegn endurskoðun á “Sérlögum” klúbbsins, sem samþykkt voru á fundi 27. janúar s.l.

Þetta var vinna sem þeir félagar Almar, Sigurbór og Skúli gengu í og luku með sæmd.

Í Landgræðslunefnd tók Jón V. Karlson við forystu af Birni Árnasyni, sem hefur um fjölda ára haldið utan um það góða starf. Gróðursetningin er að verða að skemmtiferð á vori, þar sem þau Jón Vignir og Dís bjóða til veislu í bústað sínum að verki loknu í skógarlundinum.

Fyrir þetta framlag færum við þeim Jóni Vigni og Dísu bestu þakkir.

Æskulýðsnefnd.

Æskulýðsnefndin, undir stjórn Guðna Gíslasonar, stóð sig vel að vanda og var ekki betur séð en að hún Camila okkar væri hræð yfir þeim góðu viðtökum og aðbúnaði sem hún hefur hlotið hjá okkar fólki. Þá hefur hún Halla staðið sig frábærlega hjá Æskulýðsnefnd Umdæmisins, sem meðal annar útvegaði tveimur unglíngum frá okkur stutta heimsókn til Egiftalands og Tékklands, sem þau sögðu frá hér í klubbnum fyrir þrem vikum.

Skemmtinefndin undir forystu Helga J. Harðarsonar, skilaði vel sínu verki, sá um jólafund, niðjafund og þorablót með miklum glæsibrag. Hinsvegar verður það að skrifast á okkur í stjórninni að ekkert varð af árshátíðinni, þar sem við treystum okkur ekki til frekari hátíðarhalda svo stutu eftir Brusselferðina góðu.

Verðlaun til nemenda.

Hjördís Guðbjörnsdóttir fór fyrir þessari nefnd, eins og undanfarin ár. Ef til vill verður það í síðasta sinn sem þessi aðferð verður viðhöfð við afhendingu verðlauna. Nefndin og þá sérstaklega formaðurinn hefur hugmyndir um breytingar á afhendingu, sem ætu að skila sér betur til nemenda og starfsfólks skólanna.

Framkvæmdasjóði var stýrt af Skúla Þórssyni, af miklum dugnaði eins og undanfarin ár.

Skúli mun gera grein fyrir reksti sjóðsins á næsta fundi, þar sem hann er staddur erlendis.

Sólvangsnefnd, undir forystu Kára Valverssonar, skilaði vel sínum störfum. Naut hann þar sérstaklega aðstoðar Sigríðar Kristínar og Þórs Halldórssonar.

Ferðanefnd, er að verða ein af þessum mikilvægu nefndum klúbbsins. Formaður Sigurjón Pétursson skipulagði starfið vel og valdi góða fulltrúa til að annast um þessi tvö verkefni sem á dagskrá voru. En það voru þau Hjördís og Sigurbór sem sáu um Brussel-ferðina, sem tókst sérlega vel. Það má meðal annars merkja af því að þeim var falið að undirbúa ferð til Kaupmannahafnar í haust, sem allt bendir til að verði mjög vinsæl. Sömmuleiðis var Eyjólfur Sæmundsson leiðsögumaður í vítaferðinni. En hann er einnig maður með reynslu í slíkum ferðum.

Rótarýgolfið er fastur liður í klúbbsins. Fyrir þeim hópi fara þeir Guðmundur Friðrik og Pálmi. Síðasta sumar komu þeir félagar með bikar frá mótinu, en voru hálf sárir að það skyldi aðeins vera einn bikar. Þeir eru góðu vanir. Nú er bara að sjá hvað farandgripirnir verða margir eftir þetta sumar.

Aðrar nefndir klúbbsins, klúbbþjónustunefnd, starfsþjónustunefnd, þjóðmálanefnd, alþjóðamálanefnd, félaganefnd, starfsgreinanefnd og rótarýfræðslunefnd, höfðu hefðbundnu hlutverki að gegna þar sem hver nefnd þurfti að sjá um 3-4 fundarefni sem tókst með ágætum. Í öllum tilfellum var um þryðisgóð erindi að ræða, bæði skemmtileg, fróðleg og vel flutt.

Lokaorð.

Rótarýhjólíð heldur áfram að snúast. Nýtt fólk kemur til starfa í stjórninni en aðrir hverfa á braut. Ég býð þetta fólk velkomið til starfa. Sú stjórn sem hér tekur við er skipuð; Kristján Stefánsson forseta, Guðni Gíslason verðandiforseta, Gunnhildur Sigurðardóttir ritara, Sigbór Jóhannesson gjaldkera og Jón Vignir Karlsson stallara. Auk þess sem ég kem til með að sitja með þeim í stjórninni.

Þegar ég horfi til bstarfsins á árinu, er mér efst í huga þakklæti til allra sem með mér störfuðu. Þó sérstaklega til samstarfsmanna í stjórn, formönnum nefna og öllum félögum sem aðstoðuðu mig við starfið. Einnig fráfarandi umdæmisstjóra, Agli Jónssyni og Þórdísi Árnadóttur á skrifstofu Íslenska Rótarýumdæmisins. Það var ávalt þægilegt að leita til þeirra eftir upplýsingum og aðstoð.

Að lokum langar mig til að þakka ykkur öllum félögum mínum í klubbnum, samstarfið á árinu. Það hefur verið mjög gaman að takast að við þetta verkefni, starfið hefur verið viðburðaríkt og skemmtilegt. Góð stemning á fundum, skemmtileg og fræðandi erindi, og síðast en ekki síst góðar mætingar hjá flestum. Þáttaka er lykillinn að góðu félagsstarfi.

Sigurður Hallgrímsson,

Forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar, 2004-2005.